

Framleiðsluhandbók

Fyrir fyrirtæki sem framleiða burðarvið samkvæmt

ÍST INSTA 142:2009

Kröfur (viðarraki)

- Stærðir og frávik:
- Viðmiðunarstærð fyrir T-timbur og LT-timbur miðast við 20% viðarraka.
- Fyrir annan viðarraka (milli 0% og 30%) er hægt að finna viðmiðunarstærðina með því reikna með 0,25% breytingu á efni fyrir hvert 1,0% breytingu á viðarraka.
- Dæmi: 100 mm. = 10%VR. Má vera 97.5 mm.

Kröfur

Stærðir og frávik: Gefið upp í töflum 2, 8 og 12

α	T3α	T2α	T1α	T0α
Vankanturα	Þversnið allra stærða, 2/3 af kanti og breiðhlið þarf að minnsta kosti að vera vélunninα			
Stærðarfrávik¶ mælieininga¶ α	Viðmiðunarviðarraki er 20%¶ Rétt meðalstærð í þykkt og breidd skal ekki vera minni en uppgefin stærð¶ Flokkur-1:¶ Þykkt og breidd ≤ 100 mm: +3, -1 mm¶ Þykkt og breidd > 100 mm: +4, -2 mm¶ Lengd: Undirmál er ekki leyft¶ Flokkur-2:¶ Þykkt og breidd ≤ 100 mm: ±1 mm¶ Þykkt og breidd > 100 mm: ±1,5 mm¶ Lengd: Undirmál er ekki leyftα			

Tafla 2

Efnisþykkt þar sem $25 \text{ mm} \leq t \leq 45 \text{ mm}$ og breidd $50 \text{ mm} \leq b \leq 75 \text{ mm}$	
Stærðarfrávik¶ α	Viðmiðunarviðarraki er 20%¶ Rétt meðalstærð í þykkt og breidd skal ekki vera minni en ákveðin stærð¶ Stærðarfrávik-flokkur-1:¶ Þykkt og breidd: +3, -1 mm¶ Lengd: Undirmál er ekki leyft¶ Stærðarfrávik-flokkur-2:¶ Þykkt og breidd: ±1 mm¶ Lengd: Undirmál er ekki leyftα

Tafla 8

Stærðarfrávik¶ mælieiningaα	Viðmiðunarviðarraki er 20%¶ Rétt meðalstærð í þykkt og breidd skal ekki vera minni en ákveðin stærð¶ Flokkur-1:¶ Þykkt og breidd +3, -1 mm¶ Lengd: Undirmál er ekki leyft¶ Flokkur-2:¶ Þykkt og breidd ±1 mm¶ Lengd: Undirmál er ekki leyftα
--------------------------------	--

Tafla 12 Límtré

Kröfur 6.1.2

- **6.1.2 Vélavinna eftir flokkun**
- Þegar flokkað er áður en efnið er vélaunnið er flokkunin gild svo framarlega sem viðmiðunarstærðin hefur ekki minnkað meira en 5 mm (10 mm fyrir stærðir fyrir ofan 100 mm).
- Ekki má saga eða kljúfa efni eftir að það hefur verið flokkað.
- Þversögun breytir ekki flokkun, svo fremi sem hið afsagaða efni uppfyllir kröfur um sprungur og hringsprungur.

Kröfur 6.1.3

- **6.1.3 Rakainnihald**
- Kröfur vegna ákveðinna útlitsgalla (t.d. sprungna, vindings og beygja) sem eru takmarkaðar samkvæmt töflum 1, 3, 7, 8 og 11 eru háðar viðarraka þegar það er flokkað. Kröfurnar eru byggðar á að viðarraki sé 20%.
- Þegar timbur með lágt rakainnihald er flokkað má endurmeta kröfurnar. Þegar timbur með hátt rakainnihald er flokkað skal endurmeta kröfurnar.
- Timbur sem uppfyllir kröfur í (3.15) er kallað þurrkað flokkað efni og má merkja sem slíkt (ÍST EN 14081-1).

Kröfur 6.1.3 frh.

- Timbur sem er hluti af stafla sem er flokkað með viðmiðunarviðarraka 18% eða minna samkvæmt ÍST EN 14298, er talið uppfylla kröfur fyrir þurrkað timbur. Frávik fyrir 18% viðarraka er $(18 + 2/ - 2,5) \%$.
- ÍST EN 14298 fjallar um stafla af söguðu timbri. Stafla er ákveðinn fjöldi stykkja af söguðu barrtré af sömu þykkt og breidd þurrkað samkvæmt sömu kröfu. Samkvæmt ÍST EN 14298 skal 93,5% af efninu í þessum flokkaða stafla ekki hafa lægri viðarraka en sem nemur 0,7 sinnum viðmiðunarrakanum og ekki hærri en sem nemur 1,3 sinnum viðmiðunarrakanum

Kröfur 6.1.4

- **6.1.4 Viðurkennd viðmiðun fyrir stafla af timbri**
- Af dæmigerðu úrtaki úr stafla af timbri flokkuðu samkvæmt þessum staðli, er leyft að 10% af efninu sé flokkað of hátt.
- Leyft er að 5% af efninu sé flokkað of hátt upp um tvo flokka eða meira.
- Vegna kröfu um kvisti, trefjaskekkju og breidd á árhringjum er röng flokkun upp um einn flokk leyfð fyrir 5% af efninu.

Kröfur 6.1.4 frh.

- Viðurkennt úrtak af prufum sem er gefið upp í CEN/TS 12169 skal fylgja $AQL = 10$.
- Hugtakið **AQL = 10** vísar til “**Acceptable Quality Level**” (ásættanlegs gæðastigs) í gæðaeftirliti og sýnatöku.
- ATHUGASEMD 1 - Í CEN/TS 12169 er notaður tölfræðilegur sýnafjöldi samkvæmt ISO 2859-1.
- ATHUGASEMD 2 - Aðeins timbur sem er flokkað of hátt telst til flokkunarmistaka. Timbur sem er flokkað of lágt uppfyllir kröfurnar.

Þekking

- **Starfsmenn:**
 - Nafn á starfsmönnum sem hafa réttindi til að styrkflokka og númer á skírteini þeirra frá IÐUNNI fræðslusetri.
- **Fyrirtæki:**
 - Vottun á úttekt á framleiðsluhandbók frá IÐUNNI fræðslusetri.
- **Skráning á flokkuðu timbri:**
 - Við lágmarksskráningu á flokkuðu timbri þarf að koma fram nafn viðskiptavinar, viðartegund, flokkur, flokkunarstaðall, stærð, yfirborð, raki við flokkun á þurrkuðu timbri, dagsetning, vakt og hver flokkaði.